

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 5. október 2018 í máli nr. E-1723/2017:

Dekkjavinir ehf.

(Kolbrún Arnardóttir lögmaður)

gegn

Þrotabúi Málningarverks sf.,

Þrotabúi Eysteins Gunnars Guðmundssonar og

Kristínu Marínu Siggeirsdóttur

(Einar Þór Sverrisson lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 13. september sl., var höfðað 24. maí 2017.

Stefnandi er Dekkjavinir ehf., Gilsbúð 7 í Garðabæ.

Stefndu eru Þrotabúi Málningarverks sf., Hyrjarhöfða 2 í Reykjavík, Þrotabúi Eysteins Gunnars Guðmundssonar, Skriðustekk 15 í Reykjavík, og Kristín Marín Siggeirsdóttir, Skriðustekk 15 í Reykjavík. Upphaflega var Málningarverki sf. og Eysteini Gunnari stefnt persónulega, en undir rekstri málsins voru bú þeirra tekin til gjaldþrotaskipta. Tóku Þrotabúi þeirra þá við aðild að málinu, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmd sameiginlega til að greiða honum skuld að fjárhæð 10.284.271 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af: 3.179.360 kr. frá 27. september 2015 til 31. október 2015, 4.009.912 kr. frá 1. nóvember 2015 til 1. nóvember 2015, 4.750.440 kr. frá 2. nóvember 2015 til 15. nóvember 2015, 7.303.233 kr. frá 16. nóvember 2015 til 17. nóvember 2015, 8.431.539 kr. frá 18. nóvember 2015 til 26. nóvember 2015, 8.918.575 kr. frá 27. nóvember 2015 til 29. nóvember 2015, 9.029.679 kr. frá 30. nóvember 2015 til 30. nóvember 2015, 9.243.207 kr. frá 1. desember 2015 til 1. desember 2015, 9.413.583 kr. frá 2. desember 2015 til 2. desember 2015, 9.625.583 kr. frá 3. desember 2015 til 9. desember 2015, 9.905.823 kr. frá 10. desember 2015 til 30. desember 2016 og 10.284.271 kr. frá 31. desember 2016 til greiðsludags, að frádregnum innborgunum, að upphæð 2.200.000 kr. þann 3. nóvember 2015, að upphæð 248.000 kr. þann 3. nóvember 2015, að upphæð 731.360 kr. þann 3. nóvember 2015, að upphæð 35 kr. þann 16. nóvember 2015, að upphæð 212.000 kr. þann 3. desember 2015, að upphæð 487.036 kr. þann 7. desember 2015, að upphæð 213.528 kr. þann 7. desember 2015, að upphæð 535.834 kr. þann 7. desember 2015 og að upphæð 487.036 kr. þann 30. desember

2015, sem dragast skuli frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga. Loks er krafist málskostnaðar.

Stefndu krefjast aðallega sýknu en til vara lækkunar á kröfu stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar.

I

Mál þetta varðar ágreining málsaðila um meinta skuld vegna kaupa Málningarverks sf. á hjólborðum. Málningarverk sf. var stofnað sem sameignarfélag og eru stefndu Eysteinn Gunnar og Kristín Marín félagsmenn í því, sbr. 8. gr. laga nr. 50/2007 um sameignarfélög. Enginn skriflegur samningur milli málsaðila liggur fyrir um hin umdeildu viðskipti, en óumdeilt er að einhver viðskipti með hjólbarða áttu sér stað milli málsaðila frá miðju ári 2015. Í málinu er einkum deilt um það hvað fólst í munnlegu samkomulagi málsaðila. Stefnandi heldur því fram að um hefðbundin kaup hafi verið að ræða og því beri stefndu að greiða fyrir umrædda hjólbarða. Um þetta vísar stefnandi einkum til 14 reikninga auk tveggja kredit-reikninga sem liggja fyrir í málinu. Stefnu byggja aftur á móti á því að samið hafi verið um það að stefnandi bæri áhættu af lager (vörubirgðum) hjólbarða og stefndi Málningarverk sf. hefði haft ótakmarkaða heimild til að skila óseldum hjólborðum, en það hefði félagið einmitt gert. Engri skuld sé því til að dreifa gagnvart stefnanda.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda Málningarverki sf. bréf, dags. 26. janúar 2017, þar sem farið var fram á greiðslu 6.043.391 kr. vegna hjólbarðaviðskipta. Afrit bréfsins var sent stefndu Eysteini Gunnari og Kristínu Marínu. Var erindið síðar ítrekað.

Með bréfi, dags. 24. febrúar 2017, svaraði lögmaður stefndu innheimtubrétinu þar sem kröfu stefnanda var mótmælt sem rangri. Ekki hefði verið tekið tillit til hjólbarða sem stefnandi hefði fengið aftur úr hendi stefnda Málningarverks sf. auk þess sem síðarnefnda félagið hefði ekki mótttekið jafn marga hjólbarða úr hendi stefnanda og af væri látið. Meðfylgjandi bréfinu var skjal, dags. 29. mars 2016, með lista yfir hjólbarða sem stefndu héldu fram að hefði verið skilað. Andvirði þeirra hjólbarða var sagt nema 6.199.448 kr. Ekki væri því neinni skuld til að dreifa gagnvart stefnanda.

Undir rekstri málsins upplýsti lögmaður stefndu, eins og áður segir, að bú stefnda Málningarverks sf. og bú stefnda Eysteins Gunnars hefðu verið tekin til gjaldþrotaskipta. Tóku þrotabú þeirra þá við aðild að málinu, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi Friðrik Helgi Vigfússon, fyrirsvarsmaður stefnanda, stefndi Eysteinn Gunnar Guðmundsson, sem stóð að

rekstri stefnda Málningarverks sf. á þeim tíma þegar meint viðskipti áttu sér stað, Kristinn Rúnar Sigurðsson, sem var framkvæmdastjóri stefnanda á umræddu tímabili, Sigurveig Grímsdóttir, sem var bókarari stefnanda á sama tímabili en hún er einnig eiginkona áður nefnds Kristins Rúnars Sigurðssonar, Maciej Antolek, sem starfaði hjá stefnda Málningarverki sf. á umræddu tímabili, Skúli Jóhannsson, sjómaður og kunningi stefnda Eysteins Gunnars, Jón Pétursson, sjálfstætt starfandi bókarari sem annaðist bókhald stefnda Málningarverks frá árinu 2014 fram á mitt ár 2016, og Pavels Sadenko, sem kvaðst starfa fyrir stefnda Málningarverk sf.

II

Stefnandi byggir kröfu sína á framlögðum reikningum og segir kröfuna vera til komna vegna kaupa stefnda Málningarverks sf. á dekkjum frá stefnanda frá árinu 2015 fram til ársins 2016.

Alls sé um að ræða 14 reikninga, útgefna á tímabilinu 27. september 2015 til 31. desember 2016, alla á gjalddaga á útgáfudegi. Reikningarnir nemi samtals 10.284.271 kr. og sé það stefnufjárhæð málsins. Tilteknar innborganir hafi borist og hafi þegar verið tekið tillit til þeirra við gerð dómkrafna.

Kröfu sína á hendur stefndu Eysteini Gunnari og Kristínu Marínu, félagsmönnum stefnda Málningarverks sf., byggir stefnandi á 8. gr. laga nr. 50/2007, en samkvæmt ákvæðinu beri félagsmenn í sameignarfélagi einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.

Umræddir reikningar hafi ekki fengist greiddir hjá stefndu þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga beri stefndu að greiða kröfuna. Þar sem skuldin hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir sé nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Um lagarök sé vísað til almennra reglna kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, en þessar reglur fái meðal annars stoð í lögum nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um vaxtavexti og dráttarvexti styðji stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001. Hvað varði aðild vísist til laga nr. 50/2007 um sameignarfélög, nánar tiltekið 8. gr. laganna, og 19. gr. laga nr. 91/1991.

III

Af hálfu stefndu er viðurkennt að stefndi Málningarverk sf. hafi átt í dekkjaviðskiptum við stefnanda á árinu 2015. Um hafi verið að ræða viðskipti, þar sem áhætta af lager (vörubirgðum) dekkjanna hafi legið hjá stefnanda, en stefndi Málningarverk sf. hefði haft ótakmarkaðan skilarétt á óseldum dekkjum. Viðskiptin

hafi gengið þannig fyrir sig að stefnandi sendi dekk til stefnda Málningarverks sf. sem hafi haldið þau á starfsstöð sinni og selt þau, en síðan skilað óseldum dekkjum til stefnanda. Stefndi Málningarverk sf. hafi aldrei mótttekið dekkinn með samþykki reikninga, heldur hafi þau verið afhent án móttökukvittana, sem sanni hvers eðlis viðskiptin hafi verið, en framlagðir reikningar stefnanda séu ókvittaðir og óstaðfestir um móttöku. Stefnandi hafi því ekki sannað eða gert sennilegt að hann hafi afhent stefnda dekk í samræmi við dómkröfur. Stefnu rengi alls ekki að stefndi Málningarverk sf. hafi fengið dekk frá stefnanda til endursölu. Hvort þetta hafi verið nákvæmlega þau dekk sem tilgreind séu á meintum reikningum viti stefndu hins vegar ekki. A.m.k. sé ljóst að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra dekkja sem stefndi Málningarverk sf. skilaði til stefnanda, þó að ítrekað hafi verið óskað eftir því. Stefnu byggji á því að fullnaðaruppgjör hafi farið fram.

Það sé grundvallarregla í réttarfari að sá sem haldi fram staðhæfingu, og beri hallann af því að hún teljist ekki sönnuð, beri sönnunarbyrðina. Það sé því stefnanda að sanna að hann hafi afhent þau dekk, sem málatilbúnaður hans byggji á. Engin framlögð gögn sýni að svo sé. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Andvirði þeirra dekkja sem stefndi Málningarverk sf. hafi skilað til stefnanda hafi numið 6.199.848 kr. Stefnufjárhæðin að teknu tilliti til innborgana sé aftur á móti 5.169.442 kr. Það sé því ljóst að stefndi Málningarverk sf. hafi þegar ofgreitt stefnanda 1.030.406 kr. miðað við það magn sem stefnandi byggji á að hann hafi afhent stefnda Málningarverki sf. Beri því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Stefndu mótmæla því að þau skuldi stefnanda fjármuni vegna dekkja. Enginn samningur hafi verið gerður milli aðila að undanskildum þeim munnlega samningi að stefndi Málningarverk sf. gæti skilað óseldum dekkjum, sem hann hafi gert. Krafa þessi verði því ekki innheimt á grundvelli réttarreglna um skuldbindingargildi loforða og skyldu til að efna samninga, eins og málatilbúnaður stefnanda sé reistur á.

Með vísan til alls framangreinds telji stefndu að sýkna beri þau af kröfum stefnanda í máli þessu, en byggt sé á því til vara að lækka beri kröfurnar.

IV

Óumdeilt er að stefnandi og stefndi Málningarverk sf. áttu í viðskiptum með hjólbarða frá miðju ári 2015. Aftur á móti er deilt um fyrirkomulag viðskiptanna og umfang þeirra. Stefnandi byggir á því að um hefðbundin kaup hafi verið að ræða. Stefnu halda því aftur á móti fram að samið hafi verið um það að stefnandi bæri áhættu af lager (vörubirgðum) hjólbarða og stefndi Málningarverk sf. hefði haft

ótakmarkaða heimild til að skila óseldum hjólbörðum. Stefnu byggja einnig á því að 460 hjólbörðum hafi verið skilað til stefnanda í lok mars 2016. Engri skuld sé því til að dreifa gagnvart stefnanda. Auk þess hafi stefnanda ekki tekist að sanna að hann hafi afhent þá hjólbörða sem málatilbúnaður hans byggir á.

Af fyrirliggjandi gögnum og skýrslum fyrirvarsmanna stefnanda og stefnda Málningarverks sf. fyrir dómi verður ráðið að samkomulag þeirra var munnlegt. Þegar deilt er um efni munnlegra samninga verður það að ráðast af heildstæðu mati á framlögðum gögnum og framburði fyrir dómi, meðal annars á grundvelli sönnunarmats dómara, hvað telst sannað um efni slíkra samninga.

Fyrir liggur tölvubréf Friðriks Helga Vigfússonar, fyrirvarsmanns stefnanda, dags. 18. júní 2015, til stefnda, Málningarverks sf., þar sem settir eru fram skilmálar vegna upphaflegra viðskipta félaganna tveggja. Er þar rætt um samning um kaup á hjólbörðum sem afhentir verði í september 2015. Fram kemur í tölvubréfinu að um sé að ræða staðgreiðsluviðskipti. Stefnandi beri áhættu af dekkjunum fram að afhendingu og kaupi tryggingu vegna þeirrar áhættu. Reikningur verði gefinn út um leið og afhending hafi átt sér stað. Ekki liggur fyrir svar frá stefnda Málningarverki sf. og bar stefndi Eysteinn Gunnar því við fyrir dómi að hann væri lesblindur og notaði ekki tölvupóst. Eigi að síður virðist áður nefnt tölvubréf Friðriks Helga hafa borist stefnda Eysteini Gunnari, enda fóru viðskipti félaganna tveggja fram í kjölfarið og ekkert liggur fyrir um að amast hafi verið við skilmálanum sem settir voru fram í tölvubréfi fyrirvarsmanns stefnanda. Verður því lagt til grundvallar að tölvubréfið hafi markað upphaf viðskipta félaganna tveggja.

Stefnu byggja á því í greinargerð sinni, eins og áður segir, að stefndi Málningarverk sf. hafi aldrei móttakið hjólbörða með samþykki reikninga, heldur hafi þeir verið afhentir án móttökukvittana, sem sanni hvers eðlis viðskiptin hafi verið, þ.e. að hjólbörðarnir hafi verið í eigu og á ábyrgð stefnanda, en stefndi Málningarverk sf. hafi haft fullan skilarétt á óseldum hjólbörðum.

Andstætt þessum málatilbúnaði liggja fyrir í málinu fjórir afgreiðsluseðlar vegna hjólbörða og eru þeir undirritaðir af Maciej Antolek, sem starfaði hjá stefnda Málningarverki sf. á umræddu tímabili. Með undirritun sinni staðfesti Maciej móttöku hjólbörðanna. Fyrir dómi greindi hann frá því að þetta hefði hann gert með vitund og vilja stefnda Eysteins Gunnars. Sjálfur staðfesti stefndi Eysteinn Gunnar fyrir dómi að Maciej hefði haft slíkt umboð.

Stefnandi ber því við að aðrir greiðsluseðlar hafi verið undirritaðir um móttöku en þeir hafi glatast. Fær þetta stoð í framburði Maciej sem sagðist fyrir dómi ávallt hafa annast móttöku hjólbörða fyrir stefnda Málningarverk sf. Hans hlutverk hafi meðal annars verið að telja hjólbörðana. Taldi hann nærri lagi að

1.200 dekk hefðu borist í viðskiptum stefnanda og stefnda Málningarverks sf. Mikil sala hefði verið á hjólbörðum hjá stefnda Málningarverki sf. Hann kannaðist við að hafa mótttekið reikninga frá stefnanda vegna þessara viðskipta. Ekki kannaðist hann við að hjólbörðum hefði verið skilað til stefnanda.

Í gögnum málsins liggur fyrir yfirlýsing Jóns Péturssonar, dags. 2. október 2017, en hann er sjálfstætt starfandi bókari sem annaðist bókhald stefnda Málningarverks frá árinu 2014 fram á mitt ár 2016. Fram kemur að hann staðfesti að hafa bókað nokkurn fjölda reikninga frá stefnanda samkvæmt beiðni stefnda, Eysteins Gunnars Guðmundssonar. Reikningarnir hafi samtals numið 9.243.207 kr., en þar af hafi innskattur numið 1.789.008 kr. og hafi verið tekinn sem inneign sem farið hafi til lækkunar á útskatti. Með öðrum orðum hafi innskatturinn verið endurgreiddur. Við aðalmeðferð málsins kom Jón fyrir dóm, staðfesti þessa yfirlýsingu sína og svaraði nánari spurningum um efni hennar.

Að öllu framangreindu virtu er ekki unnt að fallast á þann máltilbúnað stefndu að stefndi Málningarverk sf. hafi ávallt mótttekið hjólbörða án móttökukvittana. Þaðan af síður bendir framburður Maciej Antolek og Jóns Péturssonar til þess að viðskipti stefnanda og stefnda Málningarverks sf. hafi verið þess eðlis sem stefndu byggja á. Þvert á móti þá rennir trúverðugur framburður þeirra skýrum stöðum undir máltilbúnað stefnanda um fyrirkomulag á sölu hjólbörða til stefnda Málningarverks sf. Þá er máltilbúnaður stefndu í ósamræmi við skilmála áður nefnds tölvubréfs Friðriks Helga Vigfússonar, fyrirsvarsmanns stefnanda, dags. 18. júní 2015, til stefnda, Málningarverks sf., en ekki verður séð að síðarnefnda félagið hafi gert nokkrar athugasemdir við þá skilmála sem mörkuðu upphaf viðskipta félaganna tveggja, þótt fullt tilefni hefði verið til þess ef stefndi Málningarverk sf. hefði talið að gjörólíkir skilmálar ættu að gilda í viðskiptum þeirra. Verður því ekki annað ráðið en að viðskipti félaganna tveggja hafi verið hefðbundin kaup eins og stefnandi byggir á. Af þessu leiðir einnig að ekki er unnt að fallast á þann máltilbúnað stefndu að stefnda Málningarverki sf. hafi verið heimilt að skila hjólbörðum að vild. Þá telur dómurinn að við mat á umfangi viðskiptanna megi leggja til grundvallar framlagða reikninga stefnanda, enda fær sú niðurstaða nægjanlega stöð í gögnum málsins og þá sérstaklega í framburði þeirra Jóns Péturssonar og Maciej Antolek. Í þessum efnunum skiptir einnig máli að máltilbúnaður stefndu hefur reynst ótrúverðugur, til dæmis fullyrðing þeirra, sem þegar hefur verið hrakin, um að engir greiðsluseðlar hafi verið undirritaðir til staðfestingar á móttöku hjólbörða. Hið sama á við um máltilbúnað stefndu um skjal frá 29. mars 2016, sem nánar verður nú vikið að.

Stefndu byggja, eins og áður segir, á því að 460 hjólbörðum hafi í reynd verið skilað til stefnanda og vísa í þeim efnunum til skjals, dags. 29. mars 2016, þar

sem er að finna lista yfir tiltekna hjólbarða og ákveðin verð nefnd í þeim efnun. Stefnandi vefngir umrætt skjal og byggir til dæmis á því að söluverð sem þar birtist endurspeglir engan veginn verð í viðskiptum félanna tveggja heldur verðtilboð sem stefndi Málningarverk sf. hafi boðið viðskiptavinum vefsíðunnar hopkaup.is upp á. Ekki sé því með nokkru móti unnt að líta svo á að skjalið sé einhvers konar yfirlit yfir hjólbarða sem hafi verið skilað. Að mati dómsins renna gögn málsins, þar á meðal upplýsingar um verð í viðskiptum félanna tveggja og upplýsingar um sölu stefnda Málningarverks sf. á hjólbörðum á vefsíðunni hopkaup.is, stöðum undir þennan máltilbúnað stefnanda. Þessu til frekari stuðnings er framburður Maciej Antolek. Hann kannast ekki við skil á 460 hjólbörðum til stefnanda. Raunar greindi hann frá því fyrir dómi að svo margir hjólbarðar frá stefnanda hefðu ekki verið til staðar á starfsstöð stefnda Málningarverks sf. á umræddum tíma vegna þess að brotist hefði verið inn hjá stefnda Málningarverki sf. í árslok 2015 og miklu magni hjólbarða stolið. Aftur á móti kannaðist Maciej við að eitt sinn hefðu dekk verið færð með vörubíl til geymslu í Keflavík. Ástæðan hefði verið sú að setja átti vetrarhjólbarða í geymslu svo rýma mætti til fyrir sumarhjólbörðum. Maciej hefði sjálfur farið aftur að sækja dekk í þá geymslu síðar meir til að fara með til Málningarverks sf. þar sem þau hefðu síðar verið seld. Að mati dómsins gefa framangreind gögn og framburður Maciej Antolek engan veginn til kynna að stefndi Málningarverk sf. hafi skilað 460 hjólbörðum til stefnanda.

Til stuðnings máltilbúnaði sínum um hið öndverða leiddu stefndu fyrir dóm Pavels Sadenko, sem kvaðst starfa fyrir stefnda Málningarverk sf. Óumdeilt er að Maciej Antolek starfaði hjá stefnda Málningarverki sf. á umræddum tíma, þar á meðal þegar meint skil á hjólbörðum áttu sér stað. Aftur á móti kannaðist Maciej ekki við nafn Pavels og sagðist ekki hafa starfað með honum. Þá bar Jón Pétursson, sem eins og áður segir annaðist bókhald stefnda Málningarverks sf., að hann kannaðist ekki við Pavels þrátt fyrir að Jón hefði séð um launamál fyrir stefnda Málningarverk sf. fram á mitt ár 2016. Framburður Pavels var auk þess ótrúverðugur. Þá leiddu stefndu fyrir dóminn Skúla Jóhannsson, sjómann og kunningja stefnda Eysteins Gunnars. Skúli var ekki starfsmaður stefnda Málningarverks sf. á umræddum tíma og viðurkenndi auk þess að hafa átt í ágreiningi við fyrirsvarsmann stefnanda vegna lánsviðskipta. Verður framburður Skúla og Pavels því ekki lagður til grundvallar við úrlausn málsins.

Að öllu framangreindu virtu gefa hvorki gögn málsins né framburður vitna fyrir dómi til kynna að umræddum 460 hjólbörðum hafi verið skilað til stefnanda. Telst staðhæfing stefndu um þetta atriði því ósönnuð og auk þess í ósamræmi við fyrri niðurstöðu dómsins um að stefndi Málningarverk sf. hafi ekki notið þess

skilaréttar á hjólbörðum sem hann hefur byggt á í málinu.

Að öllu framangreindu virtu ber að fallast á kröfu stefnanda á hendur stefnda þrotabúi Málningarverks sf. Á grundvelli 1. mgr. 8. gr. laga nr. 50/2007 báru stefndu Eysteinn Gunnar og Kristín Marín einnig óskipta ábyrgð á umræddri skuld, enda hafði stefnandi gætt að áskilnaði 2. mgr. 8. gr. laganna fyrir málshöfðunina. Í samræmi við þetta verður einnig fallist á kröfu stefnanda á hendur stefndu þrotabúi Eysteins Gunnars og Kristínu Marínu. Verða stefndu því dæmd sameiginlega til greiðslu á dómkröfu stefnanda, þar á meðal til greiðslu dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá sérhverjum gjalddaga eins og nánar greinir í dómsorði, sbr. einnig 1. mgr. 5. gr. og 12. gr. sömu laga.

Í samræmi við þessi málsúrslit og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verða stefndu dæmd sameiginlega til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 1.210.170 kr.

Af hálfu stefnanda flutti málið Kolbrún Arnardóttir lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Einar Þór Sverrisson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 19. febrúar sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, þrotabúi Málningarverks sf., þrotabúi Eysteins Gunnars Guðmundssonar og Kristín Marín Siggeirsdóttir, greiði sameiginlega stefnanda, Dekkjavinum ehf., 10.284.271 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 3.179.360 krónum frá 27. september 2015 til 31. október 2015, 4.009.912 krónum frá 1. nóvember 2015 til 1. nóvember 2015, 4.750.440 krónum frá 2. nóvember 2015 til 15. nóvember 2015, 7.303.233 krónum frá 16. nóvember 2015 til 17. nóvember 2015, 8.431.539 krónum frá 18. nóvember 2015 til 26. nóvember 2015, 8.918.575 krónum frá 27. nóvember 2015 til 29. nóvember 2015, 9.029.679 krónum frá 30. nóvember 2015 til 30. nóvember 2015, 9.243.207 krónum frá 1. desember 2015 til 1. desember 2015, 9.413.583 krónum frá 2. desember 2015 til 2. desember 2015, 9.625.583 krónum frá 3. desember 2015 til 9. desember 2015, 9.905.823 krónum frá 10. desember 2015 til 30. desember 2016 og 10.284.271 krónu frá 31. desember 2016 til greiðsludags, að frádregnum innborgunum, að upphæð 2.200.000 krónur þann 3. nóvember 2015, að upphæð 248.000 krónur þann 3. nóvember 2015, að upphæð 731.360 krónur þann 3. nóvember 2015, að upphæð 35 krónur þann 16. nóvember 2015, að upphæð 212.000 krónur þann 3. desember 2015, að upphæð 487.036 krónur þann 7. desember 2015, að upphæð 213.528 krónur þann 7. desember 2015, að upphæð

535.834 krónur þann 7. desember 2015 og að upphæð 487.036 krónur þann 30. desember 2015, sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi.

Stefndu greiði sameiginlega stefnanda 1.210.170 krónur í málskostnað.

Arnaldur Hjartarson